

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Bergþóri Ólasyni um erlenda ríkisborgara í fangelsum.

1. *Hversu margir erlendir ríkisborgarar afplánuðu fangelsisdóm árið 2024 annars vegar og 15. mars 2025 hins vegar?*

Árið 2024 afplánaði að meðaltali 31 erlendir ríkisborgari fangelsisrefsingu á hverjum degi, en samtals hófu 218 erlendir ríkisborgarar afplánun eða gæsluvarðhald í fangelsi það ár. Hinn 15. mars 2025 voru 32 erlendir ríkisborgarar í afplánun í fangelsinu.

2. *Hversu margir erlendir ríkisborgarar sátu í gæsluvarðhaldi árið 2024 annars vegar og 15. mars 2025 hins vegar?*

Árið 2024 sátu að meðaltali 28 erlendir ríkisborgarar í gæsluvarðhaldi á hverjum degi. Samtals hófu 208 erlendir ríkisborgarar gæsluvarðhald það ár og af þeim voru 63 í gæsluvarðhaldi á grundvelli útlendingalaga. Hinn 15. mars 2025 sátu 37 erlendir ríkisborgarar í gæsluvarðhaldi í fangelsi, þar af voru fjórir í gæsluvarðhaldi á grundvelli útlendingalaga.

3. *Hvaða dag sátu flestir erlendir ríkisborgarar í gæsluvarðhaldi frá 1. janúar 2024 til 15. mars 2025 og hversu margir voru þeir þá?*

Þessar upplýsingar liggja ekki fyrir, en yfir allt árið voru 208 erlendir ríkisborgarar úrskurðaðir í gæsluvarðhald samanborið við 182 erlenda ríkisborgara árið áður. Á sama tíma fjölgaði úrskurðum einnig vegna íslenskra ríkisborgara, en árið 2024 voru 90 íslenskir ríkisborgarar úrskurðaðir í gæsluvarðhald samanborið við 59 árið 2023.

4. *Hvert var hlutfall erlendra ríkisborgara af föngum árin 2024, 2019 og 2014?*

Árið 2024 voru erlendir ríkisborgarar 42% fanga í fangelsum, árið 2019 voru erlendir ríkisborgarar 21% og 14% árið 2014.